



## Aukaaðalfundur Aftureldingar 2019

30. apríl 2019 – Fundur haldinn í Vallarhúsinu að Varmá

- Fundargerð -

### Fundur hófst kl. 20.00

#### 1. Fundarsetning

Birna Kristín Jónsdóttir, formaður aðalstjórnar Aftureldingar, bauð fundargesti velkomna til fundarins.

#### 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Stungið upp á Hafsteini Pálssyni sem fundarstjóra og Hönnu Björk Halldórsdóttur sem fundarritara. Einróma samþykkt af fundarmönnum. Þau tóku þá þegar til starfa og tók Hafsteinn við fundarstjórn.

#### 3. Ársskýrsla stjórnar

Birna Kristín formaður kynnti ársskýrslu Aftureldingar. Sú nýbreytni var í ár að skýrslan var rafræn en skýrslu stjórnar má nálgast í heild sinni á [2018.afturelding.is](http://2018.afturelding.is). Boðið var upp á umræðu um skýrslu stjórnar en enginn kvaddi sér hljóðs.

#### 4. Ársreikningur 2018

Sigurður Rúnar Magnússon, gjaldkeri Aftureldingar, kynnti ársreikning aðalstjórnar Aftureldingar og einnig samstæðureikning Aftureldingar í heild sinni. Rekstur Aftureldingar er í góðu horfi og varð tæplega 3,5 milljón króna hagnaður af starfsemi aðalstjórnar á síðasta starfsári.

Ársreikning aðalstjórnar má sjá í rafrænni ársskýrslu Aftureldingar: [2018.afturelding.is](http://2018.afturelding.is)

Boðið var upp á umræðu um ársreikning en enginn kvaddi sér hljóðs. Ársreikningur var samþykkuð með öllum greiddum atkvæðum.

#### 5. Fjárhagsáætlun 2019

Jón Júlíus Karlsson, framkvæmdastjóri Aftureldingar, kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2019. Ekki var gert ráð fyrir mikilli breytingu á árinu 2019 í rekstri aðalstjórnar. Þær breytingar verða þó að aftur verða starfsmenn félagsins á skrifstofu þrír og eykst launakostnaður sem því nemur.

Boðið var upp á umræðu um fjárhagsáætlun en enginn kvaddi sér hljóðs. Fjárhagsáætlun var samþykkuð með öllum greiddum atkvæðum.

#### 6. Lagabreytingar

Fundarstjóri tilkynnti fundarmönnum að ekki væru neinar lagabreytingar á dagskrá á þessum aðalfundi.

## 7. Heiðurviðurkenningar

Jón Júlíus Karlsson stýrði heiðurviðurkenningum fyrir hönd aðalstjórnar Aftureldingar. Eftirtaldir aðilar hlutu viðurkenningu frá Aftureldingu að þessu sinni:

Sveinn Hinriksson	Blak	Brons
Guðbrandur Pálsson	Blak	Brons
Kristín Inga Guðmundsdóttir	Blak	Brons
Kristín Ingvarsdóttir	Blak	Silfur
Rúnar Birgir Gíslason	Knattspyrna	Brons
Grétar Strange	Knattspyrna	Brons
Sigurður Arnar Hermansson	Knattspyrna	Brons
Anna María Þórðardóttir	Karate	Brons
Willme Cornelis Verheul	Karate	Brons
Gísli Jón Magnússon	Karfa	Brons
Einar Scheving	Handbolti	Gull
Anna Þórunn Reynis	Handbolti	Brons
Haukur Sörli Sigurvinsson	Handbolti	Brons
Bernharð Eðvarðsson	Handbolti	Brons
Atli Viðar Bragason	Handbolti	Brons
Sigurður Fjelsted	Handbolti	Brons
Eva Dís Sigurðardóttir	Handbolti	Brons
Ragnar Ólason	Aðalstjórn	Silfur
Haukur Örn Harðarson	Badminton	Brons
Matthías Guðmundsson	Handbolti	Gull
Kristún Kristjánsdóttir	Aðalstjórn	Brons
Hanna Björk Halldórsdóttir	Aðalstjórn	Brons

Eftirtaldir aðilar voru heiðraðir frá UMSK:

Bjarki Már Sverrisson	UMSK	Gullmerki
Guðrún Kristín Einarsdóttir	UMSK	Gullmerki
Hanna Símonardóttir	UMSK	Silfurmerki
Kristín Reynisdóttir	UMSK	Silfurmerki
Svava Ýr Baldvinsdóttir	UMSK	Silfurmerki
Sigrún Másdóttir	UMSK	Silfurmerki
Ásgeir Sveinsson	UMSK	Silfurmerki
Guðbjörg Fanndal Torfadóttir	UMSK	Silfurmerki
Sigurður Rúnar Magnússon	UMSK	Silfurmerki
Anna Olsen	UMSK	Silfurmerki
Haukur Skúlason	UMSK	Silfurmerki
Gunnar Skúli Guðjónsson	UMSK	Silfurmerki
Geirarður Long	UMSK	Silfurmerki

Eftirtaldir aðilar voru heiðraðir frá UMFÍ:

Jóhann Guðjónsson	UMFÍ	Heiðurs
-------------------	------	---------

Hafsteinn Pálsson fékk orðið og heiðraði tvo aðila fyrir hönd ÍSí:

Jón Pálsson	ÍSí	Silfurmerki
Helga Jóhannesdóttir	ÍSí	Gullmerki

## 8. Kosningar

### a) Kosning formanns

Birna Kristín Jónsdóttir var ein í kjöri og var sjálfkjörin einróma.

### b) kosningar stjórnarmanna til tveggja ár

Þrír aðilar voru í framboði til stjórnar. Erla Edvardsdóttir, Geirarður Long og Gunnar Skúli Guðjónsson. Voru þau öll kjörin einróma í stjórn til tveggja ára:

Aðalstjórn Aftureldingar 2019-2020 er því eftirfarandi:

Birna Kristín Jónsdóttir, formaður, Erla Edvardsdóttir, Geirarður Long, Gunnar Skúli Guðjónsson, Krístrún Kristjánsdóttir, Sigurður Rúnar Magnússon, Þórdís Sveinsdóttir.

### c) Kosninga tveggja skoðunarmanna reikninga aðalstjórnar

Gerð tillaga um að Helga Jóhannesdóttir og Valdimar Leó Friðriksson verði áfram kjörin skoðunarmenn reikninga aðalstjórnar. Tillagan samþykkt einróma.

### d) Kosning eins skoðunarmanns reikninga deilda

Gerð tillaga um Valdimar Leó Friðriksson sem skoðunarmann reikninga deilda. Samþykkt einróma.

## 9. Önnur mál og ávarp gesta

Ekki voru önnur mál á dagskrá né óskaði neinn eftir því að taka til máls undir þessum lið.

## 10. Fundarslit

Birna Kristín Jónsdóttir, formaður Aftureldingar, þakkaði fundargestum fyrir komuna á fundinn og óskaði þeim góðrar heimferðar. Fundi slitið.

**Fundi slitið kl. 21.00**

**Fundargerð ritaði Hanna Björk Halldórsdóttir**